



Göngugrindur

Ono


Notendaleiðbeiningar

Trönuhrauni 8
220 Hafnarfjörður
Sími 565 2885 / Fax 565 1423
stod@stod.is / www.stod.is

ONO GÖNGUGRIND

ONO er fjögurra hjóla göngugrind með snúningshjólum að framan, til notkunar inni sem úti. Bremsurnar eru léttar í notkun og krefjast lítills vöðvastyrks.

ONO er prófuð og samþykkt fyrir 125 kg þungan notanda og er stöðug og örugg í notkun. Sætið er staðlaður útbúnaður. Eigin þyngd göngugrindarinnar er 8,2 kg.




GÖNGUGRINDIN FELLD SAMAN/SUNDUR

Handföngin eru laus þegar ONO er tekin úr kassanum. Áður en handföngin eru sett í þarf að fella göngugrindina sundur. Því er lýst í texta um hæðarstillingu hvernig handföngunum er komið fyrir.

Grindin felld saman: Bremsið og haldið um annað handfangið. Togið sætið upp með því að losa samtímis lásinn undir sætinu framanverðu.

Grindin felld sundur: Bremsið, haldið um annað handfangið og fellið sætið alveg niður.

ATH! Sætið skal ávallt vera niðri og í læstri stöðu þegar göngugrindin er í notkun.




HÆÐARSTILLING Á HANDFANGI

Unnt er að stilla handföngin í 75 til 100 cm hæð.

Eðlileg hæð miðast við að efri brún á handfanginu sé í sömu hæð og úlnliðurinn (sjá mynd).


Losið bremsubandið, fjarlægið skrúfuna og pinnann og stillið handfangið í rétta hæð. Komið pinnanum og skrúfunni fyrir og herðið vel. Stillið síðan bremsurnar. Fylgist með að skrúfurnar séu ávallt vel hertar.



STILLING Á BREMSUM


Þegar hæð á handfangi hefur verið stillt þarf einnig að stilla bremsurnar. Læsið bremsunum (kyrrstöðubremsuna á).

Strekið síðan á bremsubandinu með því að toga það beint niður. Prófið og stillið aftur ef þurfa þykir.




NOTKUN Á BREMSUM

Bremsurnar virka á tvo vegu. Með því að toga bremsuhandfangið upp að handfanginu bremsar það hjólið meðan haldið er. Með því að nota bremsurnar á þennan hátt stjórnar þú hraðanum. Ef beygja á til vinstri er vinstra hjólið léttilega bremsað. Á þann hátt beygir göngugrindin en rennur ekki áfram. Ef bremsuhandfanginu er ýtt niður læsist bremsan. Til þess að losa bremsuna þarf að toga bremsuhandfangið upp.



ÁBENDINGAR

- Þegar göngugrindin er í notkun skal hún vera "felld sundur" sætið niðri og læst.
- Þegar þungi er í körfunni þarf að sýna sérstaka varúð því eiginleikar grindarinnar geta breyst. Þetta á einkum við þegar farið er yfir þröskulda eða gangstéttarkanta.
- Mesta leyfilega þyngd í körfu er 5 kg.
- Kyrrstöðubremsan (bremsuhandfang niðri og læst) skal ávallt vera á þegar setið er á sætinu.
- Ekki má nota göngugrindina til að flytja börn eða fullorðna.
- Þegar göngugrindin er flutt skal hún felld saman.
- Ýtið ykkur ekki afturábak þegar setið er á göngugrindinni.
- Sýnið sérstaka varkárni þegar undirlagið er hallandi eða óslétt.
- Setjið aldrei þunga á framgrindina.



AUKAHLUTIR FYRIR ONO GÖNGUGRIND

Bakki: Úr gegnsæju plasti, settur ofaná körfuna.

Stafa/hækjuhaldari: Í tveimur hlutum, fánlegir fyrir hægri eða vinstri hlið.

Karfa: Krækist á frambrún setu. Mesta þyngd í körfu 5 kg.

Festing fyrir súrefniskút: Mesta þyngd súrefniskúts 5 kg.

Tregðubremsur: Bremsunum er komið fyrir á afturhjólnum.

Bakstuðningur: Festur á handföngin.

Stærri seta: Til þess að auka setrymi



ENDING

Göngugrindin hefur verið prófuð í samræmi við EN ISO/DIS 11199-2.

Ending göngugrindarinnar miðað við edlilega notkun er 5 ár samkvæmt ofangreindum staðli.

MEÐHÖNDLUN/VIÐHALD

Ramminn á göngugrindinni er með afrennsli svo auðvelt er að þrifa hana. Notið bílaþvottalög eða uppþvottalög.

ATH! Skrúfan sem heldur fremri aurhlífinni er límd föst og má ekki losa hana eða herða. Ef skipta þarf um aurhlíf þarf að pantu nýja skrúfu frá ETAC.

Ef einhvað bilar í göngugrindinni hafið samband við afhendingaraðila. Aldrei skal nota bílaða göngugrind. Til viðhalds og viðgerða skal nota varahluti frá ETAC.

ETAC tekur ekki ábyrgð ef aðrir varahlutir eru notaðir.

ATH! Notið ekki þvottaefni með leysiefnum.

